

Reykjavík, 2. júlí 2013

Niðurstaða athugunar á útlánum Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Fjármálaeftirlitið hefur framkvæmt athugun á lánveitingum Tryggingamiðstöðvarinnar með vísan til 1. mgr. 62. gr. laga nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi og 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Athuginin var framkvæmd á fyrsta ársfjórðungi 2013 með öflun gagna vegna útlána félagsins, annarra en bíla- og skipalána, og fyrirspurnum í tengslum við þau gögn. Athugin var gerð á útlánum sem voru veitt eftir 2010. Niðurstaða athugunar Fjármálaeftirlitsins er byggð á þeim upplýsingum sem aflað var og miðast við stöðuna á þeim tíma sem athuginin fór fram.

Að mati Fjármálaeftirlitsins eru fyrrgreindar lánveitingar félagsins í samræmi við gildandi lög og lánareglur félagsins.

Í samræmi við 9. gr. a laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og gagnsæisstefnu Fjármálaeftirlitsins birtir stofnunin hér með opinberlega niðurstöðu nefndrar athugunar.